

# Stefnuskrá Kvennalistans í borgarmálum vorið 1990

## Reykjavík er kvennabær

Frá því að Reykjavík varð kaupstaður árið 1786 hafa konur alltaf verið meiri hluti íbúanna. **Reykjavík var og er kvennabær.** Í borginni hafa konur alla tíð sinnt ýmis konar þjónustustörfum, þær hafa vaskað fisk, borið kola- og saltþoka á bakinu, stundað kennslu, fæðingarhjálp, hjúkrun og unnið við verslunar- og skrifstofustörf. Aðalstarf flestra kvenna hefur þó löngum verið að annast uppeldi barna og heimilishald. Konur í Reykjavík búa því að langri sögu og mikilli reynslu. **Völd og áhrif kvenna í borginni eru þó ekki í neinu samræmi við fjölda þeirra og framlag til þróunar borgarinnar.**

Uppeldi kvenna, kvenleg reynsla, kvennastörfin og arfurinn frá formæðrum okkar hafa skapað **kvennamenningu** sem er frábrugðin menningu og reynslu karla. Kvennamenningin felur í sér gildismat sem byggir á virðingu fyrir öllu lífi, tilfinningu fyrir þeim sem þurfa vernd og umhyggju og setur mannleg verðmæti ofar öðru. Konum er ljóst að umönnun barna, öryggi, andleg og líkamleg velferð allra er það sem mestu skiptir í lífinu.

Við sem stöndum að Kvennalistanum höfum mótað **kvennapólitíska stefnu** sem byggist á reynsluheimi okkar sjálfra. Við viljum horfa á heiminn af sjónarhóli kvenna, vinna skoðunum, verðmætamati og baráttumálum kvenna virðingu og áhrif til jafns við það besta sem karlar hafa lagt af mörkum á löngum valdaferli.

Við viljum skapa samfélag sem setur **samábyrgð** allra gagnvart systurum okkar, bræðrum og móður jörð í öndvegi. Við teljum nauðsynlegt að **standa sérstakan vörð um hagsmuni kvenna og barna**, enda hafa þeir löngum verið fyrir borð bornir. Við verðum sjálfar að taka málin í okkar hendur, standa saman og auka áhrif kvenna í borginni enn meir en orðið er. Aðrir gera það ekki fyrir okkur. Við höfum stigið mikilvæg skref í kvennabaráttunni á undanförunum árum, en eigum þó enn langa leið fyrir höndum. **Hugarfarsbyltingin** sem við stefnum að er hafin, en framundan er löng og ströng barátta.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur ákvarðanir um mörg þau mál sem snerta daglegt líf okkar. **Í borgarstjórn er hægt að koma sjónarmiðum kvenna á framfæri og hafa áhrif á stefnumótun í borgarmálum.** Staðreyndin er sú að valdakerfi borgarinnar er byggt upp af körlum og stjórnast af hagsmunum og sjónarmiðum þeirra. Á það jafnt við um kjörna fulltrúa og embættismenn. Kvenna- og fjölskyldupólitík hefur ekki átt upp á pallborðið hjá valdamönnum borgarinnar. Þeir virðast ekki skynja breytta tíma, enda bera verkefnaval og skipulag í Reykjavík því órækt vitni.

**Kvennalistinn vill breyta samfélaginu og bæta lífsskilyrði borgarbúa. Við teljum að besta leiðin til þess sé að taka mið af aðstæðum og kjörum kvenna. Allt sem bætir stöðu kvenna skilar sér í réttlátara og betra þjóðfélagi.**

Framboð til borgarstjórnar er ein þeirra leiða sem við förum til að auka áhrif kvenna og bæta stöðu þeirra. Með framboðinu viljum við tryggja að kvennapólitík eigi sér málsvara í borgarstjórn. Því er mikilvægt að fulltrúum Kvennalistans fjölgi í stjórn höfuðborgarinnar.

**Við viljum að reynsla og menning kvenna verði höfð að leiðarljósi þegar stefna er mörkuð í samfélaginu.**

## **Staða kvenna í borginni**

Ef staða kvenna í Reykjavík er skoðuð kemur í ljós að yfir 80% kvenna vinna utan heimilis. Þær halda uppi dagvista- og skólakerfinu, sinna gamla fólkinu, vinna á sjúkrahúsum, í verslunum, á skrifstofum og við fiskvinnslu, að ógleymdum stofnunum borgarinnar.

Auk starfa innan sem utan heimilis leggja konur mikið af mörkum til líknar- og félagsstarfa, að ekki sé minnst á hlut þeirra í menningar- og listalífi borgarinnar.

Ef konur drægju sig allt í einu í hlé frá daglegum störfum mundi starfsemi í borginni meira og minna lamast. **Konur mynda eina af lífæðum borgarinnar, en það er hvergi nærri metið að verðleikum.**

Þrátt fyrir æ lengri vinnutíma og meiri menntun, **hafa konur enn lægstu launin og bera minnst úr bótum á vinnumarkaðinum.** Þátttaka karla í hefðbundnum heimlisstörfum kvenna hefur þó aðeins aukist lítillega þrátt fyrir gjörbreyttar aðstæður.

Þótt ýmsar breytingar hafi orðið á samfélaginu **sitja konur enn uppi með ábyrgðina á barnauppeldi og heimilishaldi** auk umhyggjunnar fyrir ættingjum og vinum. Á sama tíma skerðast frístundir kvenna og möguleikar þeirra á vinnumarkaði minnka, vegna mikils vinnuálags. Kannanir hafa leitt í ljós að atvinnusjúkdómar hrjá konur fremur en karla, sem m.a. má rekja til einhæfra starfa á vinnumarkaðinum og mikils álags. Við viljum snúa af þessari braut og stórbæta laun og kjör kvenna.

**Jafna þarf framlag og ábyrgð kynjanna.**

**Jafnréttisbaráttan á heimilunum er ekki einkamál kvenna.**

**Bæta þarf kjör kvenna í borginni og endurmeta störf þeirra til launa.**

**Meta á þá reynslu sem konur hafa af heimilisstörfum við röðun í launaflokka.**

## Atvinnu- og launamál

**Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi er með því mesta sem þekkist í heiminum.** Konur hefur þó hvorki verið launað framlag þeirra til atvinnulífsins og aukins hagvaxtar með sómasamlegum launum né góðri félagslegri þjónustu. Heildartekjur kvenna eru aðeins um 60% af tekjum karla og það sem verra er, launamunur hefur vaxið á síðustu árum. Bilið milli ríkra og fátækra hefur aukist og það hefur komið harðast niður á konum. Konur eru að verða ein allsherjar láglæðingastétt. **Kjarabaráttan ætti því fyrst og fremst að snúast um að bæta hag kvenna.** Í þeim efnum ber Reykjavíkurborg mikla ábyrgð. Borginni ber að eiga frumkvæði að endurmati á störfum kvenna og hækkun launa. Konur eru í miklum meiri hluta starfsmanna borgarinnar og bera minna úr bótum en aðrir bæjarstarfsmenn í landinu.

Konur sem starfað hafa innan heimilis eiga í **erfiðleikum með að komast út á vinnumarkaðinn og reynsla þeirra er lítils sem einskis metin til réttinda og launa.** Þær miklu vonir sem konur bundu við bætta hag með aukinni skólamenntun hafa að mestu brugðist. Atvinnuöryggi kvenna er mun minna en karla, enda eru konur ávallt sendar fyrstar heim þegar samdráttur verður. Verkakonur og verslunarkonur eru þar verst settar. Í því atvinnuleysi sem nú ríkir eru fleiri konur án vinnu en karlar.

Reykjavíkurborg er stór og auðugur atvinnurekandi, en þrátt fyrir það ríkir **algjört stefnuleysi varðandi atvinnuþróun af hálfu borgarinnar.** Fiskvinnsla hefur dregist saman. Engar áætlanir eru til um atvinnuuppbyggingu né umfjöllum um það hvers konar atvinnulíf sé æskilegast að hafa hér. Áherslan hefur öll beinst að verslun sem er orðin allt of viðamikil, enda fjöldi verslana orðið gjaldþrota.

Hér vantar stefnumörkun. Byggja þarf upp alhliða atvinnulíf. **Kvennalistinn leggur áherslu á fiskvinnslu, smíðnað og endurvinnslu** og telur að þróa beri þær atvinnugreinar sem fyrir eru í borginni með sérstöku tilliti til þarfa kvenna. **Við höfnum stóriðju** sem mengar umhverfið og miðast fyrst og fremst við vinnu karla.

Við viljum stofna **sérstakan þróunarsjóð** til eflingar atvinnu þeirra kvenna í borginni sem stofna vilja eða reka fyrirtæki í framleiðslugreinum

Við viljum styrkja stöðu kvenna á vinnumarkaðnum með því að koma upp **miðlunarskrifstofu**, þar sem konum gefist m.a. kostur á að deila út eða sækjast eftir sérstökum verkefnum og fái til þess vinnuáðstöðu frá borginni.

Við uppbyggingu atvinnuvega á virðing fyrir mannlífi, lífríki og náttúru Reykjavíkur að vera í fyrirrúmi. Arðsemi og hagkvæmni í rekstri má aldrei bitna á lífi fólks og umhverfi.

Atvinnuleysi kemur fyrir eða síðar niður á þjónustugreinunum og því er það borginni hættulegt að einblína á þær, en láta atvinnulífið að öðru leyti lönd og leið í anda frjálshyggju og misskilins frelsis.

**Við viljum bæta kjör kvenna í borginni.**

**Borginni ber skylda til að tryggja atvinnuöryggi og gott vinnuumhverfi, m.a. með því að standa fyrir atvinnurekstri og nýsköpun atvinnuvega.**

**Borginni ber lagaleg skylda til að veita fötluðum forgang um vinnu og henni ber að sjá unglingum fyrir sumarvinnu.**

**Ráðningastofa Reykjavíkurborgar og Námsflokkar borgarinnar standi saman að starfsnámi fyrir ófaglært fólk.**

### **Aukin valddreifing - upplýsingaskylda borgarinnar**

Kvennalistinn telur knýjandi að grundvallarbreyting verði á stjórn borgarinnar. **Borgarstjórn á fyrst og fremst að þjóna íbúunum, hún á að vera vettvangur skoðanaskipta, ákvarðanatöku og íbúarnir eiga rétt á greiðum aðgangi að fulltrúum sínum.**

Í Reykjavík eru áhrif íbúa á stjórn borgarmála lítil sem engin milli kosninga. Í núverandi stjórnkerfi er ekki tryggt að stjórn borgarinnar og embættismenn hafi regluleg tengsl við almenning.

Tryggja verður að upplýsingar um viðfangsefni og áætlanir borgarstjórnar, ráða og nefnda berist jafnóðum til borgarbúa. Þetta má t.d. gera með reglulegum opnum fundum, aukinni og bættri fréttabýðun, svo sem beinum útsendingum og textafréttum. Þá ber að leggja mál sem varða hag borgarbúa í dóm almennings fari 10% íbúa fram á slíka atkvæðagreiðslu. Fela á hverfasamtökum framkvæmd einstakra verkefna í hverfum, óski þau þess.

Borginni ber að kynna allar áætlanir á frumstigi og fara að óskum og þörfum þeirra íbúa sem málið snertir. Sams konar kynningarstarfsemi þarf að vera stöðug meðan á framkvæmdum stendur.

**Borgin sjái skipulögðum hverfasamtökum fyrir húsnaði, fé og tryggi þeim aðild að nefndum og ráðum borgarinnar t.d. með áheyrnarfulltrúum.**

Kvennalistinn vill að borgarráð verði lagt niður en borgarstjórn kölluð oftar saman þannig að kjörnir fulltrúar taki í raun allar ákvarðanir í málefnum borgarinnar í samráði og samvinnu við

**borgarbúa.** Of mikið vald er nú í höndum borgarráðs og embættismanna meðan borgarstjórn er eins og hvert annað málþing.

Kvennalistinn vill færa verksvið núverandi nefnda og ráða, annarra en þeirra sem bundin eru í lögum undir stjórn **átta ráða**. Ráðin fari með framkvæmd, rekstur og fjárráð hvert á sínu sviði í umboði borgarstjórnar. Ráðin verði: Félagsmálaráð, fræðsluráð, heilbrigðisráð, fyrirtækjaráð, umhverfismálaráð, menningarmálaráð, vinnumálaráð og fjárhagsáætlunaráð.

Kvennalistinn vill **að fulltrúar allra flokka og samtaka**, sem eiga aðild að borgarstjórn, **eigi sæti í nefndum og ráðum borgarinnar**. Fækkun borgarfulltrúa og fækkun fulltrúa í nefndum og ráðum borgarinnar. Þjónar ekki öðrum tilgangi en þeim að færa stjórn borgarinnar á fárra manna hendur. Þetta er í beinni andstöðu við hugmyndir Kvennalistans um valddreifingu og lýðræði.

Kvennalistinn vill **að sett verði á laggir sérstakt kvennaráð** skipað konum úr ýmsum starfsgreinum auk fulltrúa borgarstjórnar. Ráðið fylgist með málefnum kvenna í borginni og eigi frumkvæði að aðgerðum til að bæta hag þeirra. Ráðinu skulu árlega tryggðar tekjur, sem nema 0,5% af tekjum borgarsjóðs. Þessum tekjum skal ráðið verja til að styrkja verkefni á vegum þeirra kvennasamtaka í borginni, sem vinna að bættum hag kvenna. Ráðið getur jafnframt látið vinna verkefni á eigin vegum.

**Við viljum aukið lýðræði og valddreifingu.**

**Við viljum að íbúar borgarinnar hafi bein áhrif á ákvarðanir sem varða líf þeirra og umhverfi.**

**Við viljum endurskipuleggja stjórn borgarinnar og færa hana nær íbúunum.**

## **Fjármál**

Kostnaður við stjórn borgarinnar hefur farið sívaxandi án þess að það hafi skilað sér í betri stjórn eða auknum samskiptum við borgarbúa.

**Tekjur borgarinnar hafa aukist jafnt og þétt á undanfórnum árum** og eru ástæður þess m.a. fjölgun borgarbúa og staðgreiðslukerfi skatta. Á liðnu kjörtímabili voru tekjur borgarinnar stórlega vanáætlaðar.

Þessar auknu tekjur hefur meirihlutinn í Reykjavík m.a. notað til **ýmissa ónauðsynlegra stórframkvæmda**. Áhersla meirihlutans á kjörtímabilinu hefur verið á umbúðir og minnisvarða fremur en bætt umhverfi og lífsskilyrði íbúanna.

Áherslur meirihlutans koma skýrt í ljós þegar útgjöld til ráðhúss og snúningshúss annars vegar og til skóla, dagvista, tómstunda og

heilsugæslu hins vegar eru borin saman. Í ljós kemur að til þessara viðfangsefna er varið svipaðri upphæð, eða um tveimur og hálfum milljarði króna.

Stefna Kvinnalistsans er hins vegar sú að fjármunum borgarinnar verði varið til að jafna og bæta lífskjör borgarbúa í stað ótímabærra gæluverkefna. Það verður fyrst og fremst gert með því að bjóða upp á góða og ódýra þjónustu við börn, foreldra, gamalt fólk, fatlaða og aðra þá sem þurfa á þjónustunni að halda og með því að tryggja næga atvinnu í borginni. Útsvarstekjur og fasteignagjöld á m.a. að nota til að jafna stöðu íbúanna. Útsvarsálagning á að vera breytileg eftir aðstæðum fólks og veita má tekjulitlu fólki afslátt af fasteignagjöldum rétt eins og ellilífeyrisþegar njóta nú.

Ávallt ber að halda gjöldum fyrir veitta þjónustu í lágmarki.

Sérhvert heimili hefur ákveðnar ráðstöfunartekjur og verður að gera áætlanir um útgjöld í samræmi við þær. Komið hefur í ljós gífurlegur munur á fjárhagsáætlunum stórbygginga borgarinnar svo sem ráðhúss og snúningshúss á Öskjuhlíð og raunverulegum kostnaði. Þessi munur verður ekki skýrður með öðru en vísvitandi vanáætlunum og stjórnsýsi. Heimilisrekstur þar sem einstakir heimilismenn verja verulegum hluta teknanna í óráðsú kemur að lokum niður á þeim öllum. Forsenda velfarnaðar heildarinnar er heiðarleg stjórn og áætlanagerð sem skapar gagnkvæmt traust. Hið sama gildir að sjálfsögðu um rekstur stærri eininga svo sem borgarheimilisins okkar.

Fjármál borgarinnar eiga að snúast um hagkvæmni í rekstri fyrirtækja borgarinnar. Auknar tekjur á að nota til að jafna kjör borgarbúa, bjóða upp á góða og ódýra þjónustu og fagurt umhverfi. Hagsýnin á að ráða ríkjum.

## Fjölskyldur í Reykjavík

Fjölskyldugerð í Reykjavík hefur gjörbreyst á undanförunum áratugum, án þess þó að stjórnvöld hafi horfst í augu við breyttar aðstæður. Fjöldi heimila þar sem einungis er ein fyrirvinna, með eða án barna hefur vaxið ört. Því gefur auga leið að einar tekjur verða að nægja til framfærslu heimilis og að öllum börnum verður að tryggja öryggi meðan á vinnudegi stendur.

Það er stefna Kvinnalistsans að allar konur, hvernig sem þær kjósa að búa geti séð sér farborða á sómasamlegan hátt. Við viljum kvenfrelsi, þ.e. rétt kvenna til að lifa og starfa á þann hátt sem þær vilja sjálfar.

Möguleikar kvenna með börn til að taka fullan þátt í námi, starfi og mótun samfélagsins á eigin forsendum eru minni en karla. Kvinnalistinn leggur ríka áherslu á jafna þátttöku og ábyrgð á uppeldi og umönnun barna. Borgin á að beita sér fyrir foreldrafræðslu og jafnréttisuppeldi, en fyrst og fremst á hún að bæta þjónustu sína við fjölskyldurnar í borginni.

Reykjavíkurborg ber skylda til að skapa fjölskyldum hér lífvænleg skilyrði svo að allir fái að njóta sín. Þetta verður einungis gert með auknu félagslegu öryggi einstaklinga og fjölskyldna.

Húsnæðismálum verður að koma í viðunandi horf, þannig að fólk eigi völ á ódýru húsnæði í samræmi við mismunandi þarfir á hverju æviskeiði. Aðrar félagslegar umbætur missa marks ef frumþörfum fólks um öruggt húsnæði er ekki sinnt.

Eignaríbúðastefnan hefur verið alls ráðandi hjá borginni, en bygging leiguíbúða setið á hakanum. Þar eins og annars staðar er félagsleg þjónusta undir forystu Sjálfstæðisflokksins í algjöru lágmarki og langt frá því að mæta þörfum borgarbúa.

Langir biðlistar eru því vegna leiguhúsnæðis í eigu borgarinnar og komast aðeins þeir að sem allra verst eru settir. Svipaða sögu er að segja um Verkamannabústaði, þar eru umsækjendur margfalt fleiri en þær íbúðir sem til úthlutunar eru. Kvinnalistinn telur að þessi vandi verði ekki leystur nema með markvissri áætlun fram í tímann sem tryggir framboð á leiguíbúðum, verkamannabústöðum og kaupleiguíbúðum í samræmi við raunverulega þörf. Ávallt skal gæta sem mestrar hagkvæmni í framkvæmdum á vegum borgarinnar.

Úrbóta er þörf í húsnæðismálum fatlaðra. Bæta þarf þjónustu við þá, félagslega stöðu þeirra og atvinnumöguleika. Kanna þarf sérstaklega stöðu fatlaðra kvenna í borginni.

Vinnudaginn verður að stytta og laga að þörfum fjölskyldulífs, þannig að samverustundir fjölskyldna verði fleiri en nú. Í þeim efnum á borgin að ganga á undan með góðu fordæmi og bjóða starfsmönnum sínum upp á sveigjanlegri vinnutíma. Borgin á að tryggja framboð á góðu og hagkvæmu leiguhúsnæði.

## Börnin

Geysileg mótsögn er í viðhorfum til barneigna annars vegar og aðbúnaði að börnum hins vegar. Sjálfsagt þykir að konur eignist börn, en þegar þau eru fædd virðist svo sem þjóðfélagið vilji sem minnst af þeim vita og gerir fátt eitt til að mæta þörfum þeirra.

**Fæðingapjónusta** í Reykjavík er ekki í neinu samræmi við þörf og nútíma hugmyndir um aðbúnað fæðandi kvenna. Mjög brýnt er að bregðast jákvætt við fjölgun fæðinga og að sérstakt fæðingaheimili starfi áfram í Reykjavík, þannig að konur eigi ýmissa góðra kosta vól þegar þær ala börn sín.

Með vaxandi útivinnu mæðra hefur **þörfin fyrir umönnun barna aukist stórlega. Þar hefur borgin brugðist konum og börnum illilega. Dagheimili í Reykjavík eru allt of fá** ef miðað er við þörf og áhersla á uppbyggingu leikskóla sem veita aðeins þjónustu hálfan dginn, í fullkomnu ósamræmi við þarfir heimila.

Margir foreldrar hafa leitað til dagmæðra, en þjónusta þeirra er hvergi nærri eins örugg og þjónusta borgarinnar. **Borgin ber ásamt foreldrum ábyrgð á börnum sínum og því á það að vera hlutverk hennar að tryggja** að sem best sé búið að þeim sem ekki eiga kost á öðru en einkagæslu. Auka þarf umsjón og faglega aðstoð við dagmæður meðan þjónusta þeirra er við lýði.

**Kvennalistinn vill að öllum börnum standi til boða góð heilsdags vistun** í samræmi við vinnutíma foreldra og þarfir barna. Sá mikli flækingur sem er á mörgum börnum og öll sú streita sem hann skapar þeim og foreldrum er borginni til vansæmdar. Við leggjum áherslu á **nýjar leiðir í tengslum dagvistarheimila og skóla** og styðjum frumkvæði foreldra sem leita vilja sameiginlegra félagslegra lausna á dagvistarmálum. Við vörum þó við úrræðum sem mismuna börnum og foreldrum m.a. vegna efnahags.

**Skóladagur yngstu nemenda er of stuttur, sundurslitinn og aðstaða til næringar og hvíldar takmörkuð.** Vinnuskilyrði og aðbúnað skólabarna í Reykjavík þarf að bæta, með því m.a. að miða nám þeirra og félagslíf í skólum við vinnutíma foreldra. Börn þurfa að eiga kost á máltíðum í skólum þannig að vellíðan þeirra sé tryggð.

Kvennalistinn vill að **vandi barna í borginni verði leystur með heildarskipulagi dagvista, skóla og æskulýðsstarfs.** Við viljum opna skólana fyrir hvers konar félagsstarfsemi og tómstundaiðkun í íbúðarhverfum. Við viljum auka listmennt í skólum þannig að börn geti lært hljóðfæraleik, dans og aðrar listir í skólanum sínum. Þannig verði aðstaða allra barna til að stunda listnám jöfnuð.

Ef búa á æskuna undir ábyrga þátttöku í samfélaginu verður frá upphafi að leggja þann grunn með áherslu á andlega og líkamlega velferð og samfelldan starfsdag, í samstarfi fjölskyldna, dagvista og skóla.

Kvennalistinn setur nýsköpun og uppbyggingu dagvista og skóla í anda kvenfrelsis efst á blað og vill að þeim verði sköpuð skilyrði til að framfylgja skyldum sínum í samræmi við ákvæði laga.

**Börn og unglingar eru í auknum mæli fórnarlömb ágengra auglýsinga, ofbeldismynda og fjárplógsstarfsemi leiktækjasala.**

Til að mæta þessum freistingum og öðrum stundar æ stærri hópur skólanema launavinnu sem iðulega kemur niður á námi þeirra. Þau eiga rétt á skapandi félags- og tómstundastarfi í umhverfi við hæfi. Komið hefur í ljós að aðstöðuleysið í borginni getur leitt ungmenni á glapstigu, enda verulegt áhyggjuefni hve vaxandi fjöldi ungs fólks neytir vímuefna. Því ber að leggja megináherslu á skapandi unglingastarf, fyrirbyggjandi aðgerðir og markvissa vinnu, ekki síst með þeim sem hætta er á að lendi í vanda.

Borgin á að beita sér fyrir sumarstarfi unglunga og sjá til þess að laun pílta og stúlkna séu sambærileg og að öll störf standi báðum kynjum jafnt til boða.

**Við viljum tryggja öllum börnum dagvistun.**

**Við viljum að skólar verði einsetnir og að nemendum verði fækkað í bekkjum.**

**Við viljum að skólatími barna taki mið af vinnutíma foreldra.**

**Við viljum að skólamáltíðum verði komið á í öllum skólum og að börnum standi til boða námsaðstoð í skólanum.**

**Við viljum að rúm gefist til tilrauna í skólasarfi sem m.a. stuðli að nýsköpun og auknu jafnrétti.**

**Við viljum öflugt og uppbyggilegt unglingastarf.**

## **Gamla fólkið**

Íslendingar ná einna hæstum meðalaldri allra þjóða og því er hlutfall gamals fólks hátt hér á landi og fer vaxandi. Gamla fólkið hefur lagt sitt af mörkum við uppbyggingu þjóðfélagsins og á því skilið virðingu í góðri elli. Gamla fólkið, konur og karlar eru ekki einlitar hópur. Efnahagur, heilsufar og aðstæður allar eru afar mismunandi. Margt gamalt fólk getur séð um sig sjálft en aðrir þurfa á aðstoð okkar hinna að halda. Því miður er þjónustunni við gamla fólkið eins farið og annarri félagslegri þjónustu á vegum borgarinnar, allt er í lágmarki.

Sérstakar þarfir aldraðra má ekki slíta úr tengslum við aðra félagslega uppbyggingu. Öldruðum verður að sýna þá virðingu að þeir geti í tíma

valið sér húsnæði, þar sem kostur er á vaxandi þjónustu eftir þörfum í sama umhverfi.

Sérstaklega þarf að huga að stöðu eldri kvenna enda eru þær í meiri hluta meðal gamla fólksins. Margar gamlar konur eru eignalausar, þær njóta lífllíða eða engra lífeyrisréttinda vegna skammrar starfsævi á vinnumarkaði, hlutastarfa eða vegna þess að þær hafa stundað heimilisstörf alla sína ævi. Gömlum konum á að standa til boða húsnaði og félagsstarf við þeirra hæfi og borgin á að beita sér fyrir hressilegu og uppbyggilegu starfi fyrir eldri borgara. Mikilvægt er að vinna í samráði við gamla fólkið og virða óskir þess varðandi félagsstörf.

Stjórnvöldum í Reykjavík ber skylda til að taka forystu í uppbyggingu þjónustubúða og hjúkrunardeilda í eigu borgarinnar þannig að samræmi sé milli framboðs og eftirspurnar á hverjum tíma.

Kostnaði við íbúðir og þjónustu verður að stilla í hóf og gæta hagkvæmni í rekstri án þess að það komi niður á gæðum. Íbúðabyggð fyrir aldraða verður að vera í tengslum við þjónustukjarna hverfa og lifandi umhverfi.

Góð heimaþjónusta og heimahjúkrun þarf að standa þeim til boða sem velja að búa sem lengst í sínu gamla umhverfi. Gömlu fólki sem býr í heimahúsum á að standa til boða reglubundin skoðun á heilsugæslustöð. Auka þarf fræðslu fyrir starfsfólk í heimilishjálpi og gefa því kost á að sækja námskeið á launum.

Öll félagsleg þjónusta byggist á því að gott fólk fái til starfa. Því þarf að stórbæta laun og kjör þeirra sem vinna við umönnun fólks. Þannig verða störfin eftirsóttari en nú og stöðugleiki og öryggi þjónustunnar eykst.

Við viljum tryggja nægilegt framboð á húsnaði fyrir aldraða.

Við viljum að gömlu fólki standi til boða hjúkrun, jafnt í heimahúsum sem á hjúkrunarheimilum eftir þörfum hvers og eins.

Við viljum að gamalt fólk búi við gott og hressilegt félagslíf.

## Heilbrigðismál

Góð menntun og heilsugæsla er aðalsmerki þeirra samfélaga sem kenna sig við velferð og setja sér það mark að búa sem best að öllum sínum þegnum.

Kvennalistinn leggur áherslu á heildarstefnu í heilsuvernd þ.e. andlega, líkamlega og félagslega heilbrigði. Í því skyni þarf að leggja stóruauna áherslu á forvarnastarf sem felst í fræðslu, ráðgjöf og annarri heilbrigðisþjónustu.

Kvennalistinn telur að borgaryfirvöld eigi að hafa **fastmótaða stefnu og frumkvæði í heilsugæslu í borginni** og hún má ekki firra sig ábyrgð þrátt fyrir breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Við teljum nauðsynlegt að **Heilsuverndarstöð Reykjavíkur starfi áfram** sem miðstöð sérhæfðar þjónustu, eftirlits og rannsókna.

**Bæta þarf stöðu geðsjúkra í borginni** m.a. með aukinni félagslegri þjónustu, þjálfun og heimaþjónustu. Neyðarsíma þarf að opna fyrir fólk í sálarháska. Kannað verði með hvaða hætti má koma upp aðstöðu fyrir þau börn sem lögð eru inn á Borgarspítalann

**Heilsuvernd barna og ungmenna** verði aukin og samræmd, þannig að fyrirbyggjandi starf og fræðsla um t.d. kynlíf, fíkniefni og hollustuhætti verði eftir í skólum og víðar og viðeigandi ráðstafanir gerðar þegar vanda ber að höndum.

**Í Reykjavík gætir nú aukinnar einkavæðingar í heilbrigðisþjónustu.** Þessi öfugþróun er andstæð stefnu Kvennalistans. Heilbrigðisþjónusta er afar dýr og gæði hennar verða best tryggð með því að hún sé eign og á ábyrgð okkar allra. Mikilvægast er þó að allir eigi kost á góðri þjónustu og sitji þar við sama borð. Stjórnvöldum ber skylda til að sjá til þess að vel sé búið að heilbrigðisþjónustunni, þannig að þeir sem við hana vinna sjái sig ekki knúna til að hefja eigin rekstur sem fáir útvaldir njóta, meðan aðrir gjalda lakari efnahags. **Heilsugæsla á ekki að vera gróðavegur fyrir einstaklinga og afleiðingar einkavæðingar meðal annarra þjóða ættu að verða okkur víti til varnaðar.**

Kvennalistinn leggur megináherslu á fyrirbyggjandi heilsugæslu. Við viljum að mörkuð verði heildarstefna varðandi heilsuvernd og að borgin eigi frumkvæði að bættri heilsugæslu innan borgarmarkanna.

## Menningar- og tómstundamál

Kvennalistinn leggur áherslu á að hlutverk borgarinnar er að skapa aðstöðu til hvers konar listsköpunar, menningarstarfs og tómstundaiðkana og að eiga frumkvæði að blómlegu menningarlífi. Sérstaklega ber að veita frjálsum leikhópum aðstöðu, bjóða myndlistarfólki upp á listasmiðjur og sjá til þess að hlutur kvenna í listalífi verði sem mestur.

Listalíf og tómstundir þarf að skipuleggja þannig að sem flestir geti notið þeirra. Það verður fyrst og fremst gert með gróskumiklum menningarmiðstöðvum í hverfunum, sem verði undir stjórn íbúanna.

Kvennalistinn vill að **borgin kaupi lðnó** undir alhliða menningarstarfsemi sem allir geti nýtt sér.

Kvennalistinn gerir að tillögu sinni að **borgin komi sér upp veglegum tónlistarsal**, enda enginn slíkur í borginni.

**Borgarbókasafnið þarfnast aukins framlagsgs.** Allir borgarbúar eiga að hafa aðgang að fallegu og fullkomnu bókasafni í sínu hverfi sem um leið er menningarmiðstöð. Fjárveitingar til bókakaupa verði auknar þannig að safnið getið vaxið og dafnað eðlilega.

**Hraða þarf byggingu nýs aðalsafns Borgarbókasafnsins** og koma verður upp fleiri útibúum í hverfum borgarinnar. Kynna þarf og efla upplýsingaþjónustu Borgarbókasafnsins um borgarmál mun meira en nú er gert. Borgarbókasafnið leggi áherslu á að **afla bóka eftir konur og kynni bækur um konur og kvennarannsóknir sérstaklega**

Kvennalistinn vill að sköpuð verði **félagsaðstaða í miðborginni** fyrir alla aldurshópa, þó með sérstöku tilliti til ungs fólks. Þannig má m.a. lifga upp á gamla bæinn.

Kvennalistinn vill að **aðstaða til almenningsíþrótt**a í borginni verði **verulega bætt** með göngustígum, hjólabrautum, útivöllum og íþróttasölum sem standi almenningi opnir.

Við viljum að **borgin eigi frumkvæði að blómlegu menningarlífi**, skapi borgarbúum aðstöðu til menningar- og tómstundastarfs og hvetji íbúana þannig til virkni og sköpunar. Við viljum **félagsmiðstöðvar og aðstöðu til almenningsíþrótt**a í öll borgarhverfi og að **sérstaklega verði hugað að félagsaðstöðu** fyrir ungt fólk í miðbænum.

## **Skipulag og umhverfi**

Reykjavík hefur vaxið ört á undanförunum árum. Borgin teygir sig æ lengra í austurátt og vegalengdir milli hverfa verða stöðugt lengri. Á meðan ný hverfi rísa og verslunarhöllum er dreift um borgina, **drabbast gamli miðbærinn niður**. Kvosin þar sem áður var miðpunktur mannlífsins í Reykjavík er að verða dapurleg sjón, enda algjört sinnuleysi ríkjandi um framtíð miðbæjarins.

Gera þarf markvissa áætlun um uppbyggingu og varðveislu **gamla bæjarins**. Laða þarf alls konar lífvænlega starfsemi þangað og gera miðborgina aftur lifandi á morgnana, kvöldin og um miðjan dag.

Það er tillaga Kvennalistans að gömul hús verði flutt aftur í gamla miðbæinn þar sem því verður við komið og að annars staðar verði þau byggð aftur í upprunalegri mynd. Á þann hátt mætti aftur gefa miðbænum svipmót liðins tíma, gefa honum heildarsvip og endurheimta þá 200 ára sögu sem Sjálfstæðismeirihlutinn hefur rífið miskunnarlaust niður á sinni löngu valdatíð.

Stuðla þarf að aukinni íbúðabyggð í gamla bænum með tilheyrandi þjónustu og mannlífi. Við allar framkvæmdir í gömlu hverfunum verður að taka tillit til byggðar, gróðurs, náttúru og menningarverðmæta sem fyrir eru. Miðbærinn á að þjóna því hlutverki að vera miðstöð menningar, þjónustu og verslunar.

Borgina á að skipuleggja með það í huga að búseta, atvinna, dagvist, skólar, tómstundir og þjónusta fari saman. Við viljum fegra borgina með opnum útivistarsvæðum og útilistaverkum.

Við skipulagningu borgarinnar þurfa forsendur byggðapróunar að vera skýrar. Hvar á að byggja, hvernig, fyrir hverja og til hvers? Hvernig á æskilegt umhverfi okkar að líta út?

- Við skipulagningu borgarinnar ber sérstaklega að hafa í huga öryggi barna, stuttar vegalengdir milli heimila og skóla, aðlaðandi umhverfi og að þjónusta sé til staðar í hverfinu frá upphafi. Tryggja verður rétt íbúa til að hafa áhrif á þróunina og veita þeim neitunarvald gagnvart framkvæmdum sem ekki samræmast upphaflegum skilmálum.

Ein leið til að þetta byggðina í Reykjavík er að nýta flugvallarsvæðið. Við viljum finna Reykjavíkurflugvelli annan stað og taka Vatnsmýrarsvæðið undir íbúðabyggð og útivist. Þetta mál er orðið mjög brýnt af mengunar- og öryggisástæðum. Við þessar framkvæmdir er nauðsynlegt að taka tillit til vatnasvæðis og lífríkis Tjarnarinnar.

Nauðsynlegt er að fjölga almenningssalernum í borginni, sérstaklega í miðbænum og koma upp aðstöðu fyrir foreldra með ung börn.

Bílum hefur fjölgað gífurlega á götum Reykjavíkur. Umferðarpungi er því mikill og loftmengun að verða verulegt vandamál þegar veður er stillt. Dyr umferðarmannvirki hafa hingað til haft forgang umfram aðrar lausnir í samgöngum.

Draga þarf úr umferð einkabíla og stórbæta þjónustu strætisvagna Reykjavíkur, bæði innan hverfa og milli bæjarhluta. Þannig vill Kvennalistinn m.a. draga úr slysaþættu, umferðaröngþveiti og mengun.

**Auka verður öryggi og aðstöðu gangandi vegfarenda, fatlaðra og hjólréiðamanna. Sérstaka áherslu skal leggja á gönguleiðir barna í skóla og gangbrautavörslu við þær.**

Kvennalistinn vill að hámarkshraði verði 30 km. í öllum íbúðarhverfum borgarinnar og að ráðstafanir verð gerðar til að tryggja fötluðum leið um borgina.

**Við viljum varðveita og byggja gamla bæinn upp þannig að hann öðlist á ný heildarsvip. Við viljum taka flugvallarsvæðið undir íbúðarbyggð. Við viljum tryggja umferðaröryggi í borginni með bættum almenningssamgöngum og færri einkabílum.**

## **Umhverfisvernd**

**Um allan heim horfir fólk áhyggjufullt á móður jörð sem orðið** hefur fyrir miklum skaða af völdum mengunar, ofnýtingar, tilrauna með kjarnorkuvopn og tillitslausrar umgengni manna við náttúruna. Nú er svo komið að veðurfar á jörðinni er að breytast vegna mikillar mengunar, en það getur haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir allt líf á jörðinni.

Hingað til hafa Íslendingar látið sem þeir séu manna saklausastir þegar spilling umhverfisins er annars vegar. Staðreyndin er hins vegar sú að við **notum daglega eiturefni sem berast út í jarðveg, í sjó og menga loftið.** Hinn mikli bílafjöldi Reykvíkinga spúir eitri út í andrúmsloftið, sem berst á haf út eða til annarra landa. Við berum ábyrgð á jörðinni rétt eins og aðrir íbúar veraldarinnar og okkur ber að skila henni af okkur til komandi kynslóða betri en við tókum við henni.

Borginni ber skylda til að **fræða íbúa sína og beita sér fyrir markvissum aðgerðum til verndar umhverfinu.** Við þurfum að koma á endurnýtingu á pappír, gleri, járn og öðru því sem nýtanlegt er. Við þurfum að **útbúa hreinsunarkerfi í borginni** þannig að hægt sé að flokka pappír og gler frá öðrum úrgangi og losna við eiturefni án þess að þau mengi umhverfið.

Borgin á að tryggja að **stofnanir hennar uppfylli ýrustu kröfur um aðbúnað og hollustuhætti.** Henni ber einnig skylda til að hreinsa strandlengjuna, koma á fullkomnu holræsakerfi og sorphirðu, sem byggist á endurnýtingu í stað urðunar.

Borgin býr að auðlindum eins og heitu og köldu vatni. **Þessar auðlindir eru ekki óþrjótandi** og því ber okkur skylda til að fara sparlega með þær og hugsa um þafir komandi kynslóða.

Endurskoða verður staðsetningu Áburðarverksmiðjunnar, olíugeyma og annarrar hættulegrar starfsemi í byggð Reykjavíkur og sjá verður til þess að fólki og lífríki stafi ekki hætta af atvinnurekstri í borginni.

Kvennalistinn vinnur gegn allri hernaðaruppbyggingu, meðferð kjarnorku og annarra hættulegra efna.

Kvennalistinn vill að borgarlandið þar með talin Reykjavíkurhöfn verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði. Það felur m.a. í sér bann við umferð kjarnaknúinna skipa, og skipa með kjarnorkuvopn eða önnur hættuleg efni um borð. Þótt samið hafi verið um fækkun kjarnorkuvopna á landi fjölgar þeim í hafi og þau geta ráðið úrslitum um það hvort hér á landi þrífst líf. Kjarnorkuslys nálægt ströndum Íslands gæti haf ófyrirsjáanlegar afleiðingar, eyðilagt fiskistofna og gert okkur ókleift að búa hér.

Við viljum efla fræðslu um umhverfismál. Við viljum að borgin beiti sér fyrir öflugri umhverfisvernd og endurvinnslu. Við viljum að hver og einn leggi sitt af mörkum til varðveislu síns umhverfis. Við viljum að Reykjavík verði yfirlýst kjarnorkuvopnalaust svæði.

## Ofbeldi

Að undanfögnu hafa kvennasamtök átt frumkvæði að umræðu, athugunum og úrræðum vegna hvers kyns ofbeldis gegn börnum og konum. Í kjölfarið hefur hlunni verið svipt af þessum þjóðfélagsvanda.

Ofbeldi er afleiðing annarra vandamála sem oftast eiga rætur að rekja til þess hvernig búið er að fjölskyldum í þjóðfélaginu og þeirrar valdauppbyggingar innan sem utan fjölskyldunnar sem einkennir það karveldissamfélag sem við búum í.

Ofbeldi innan heimila er ekki einkamál þeirra einstaklinga sem hlut eiga að máli.

Borginni ber skylda til að styðja baráttu gegn hvers kyns ofbeldi með myndarlegum fjárframlögum, þar sem ljóst er að þörfin er brýn.

Umræða og fræðsla um þessi efni er mikilvægur þáttur í fyrirbyggjandi starfi. Allir þeir aðilar sem annast heilsuvernd og uppeldi barna þurfa að vera á verði gagnvart einkennum sem bent gætu til andlegs eða líkamlegs ofbeldis.

Kvennalistinn vill að staða barnaverndar í borginni verði styrkt með ráðningu sérstaks barnamálsvara. Hlutverk hans er að vera talsmaður barna í barnaverndarmálum bæði gagnvart foreldrum og stjórnkerfi.

Kvennalistinn vill efla fræðslu og umræður um ofbeldi, orsakir þess og afleiðingar og sjá til þess að þeir sem vinna gegn því fái myndarlega styrki frá borginni. Kvennalistinn vill styrkja stöðu barna og kvenna í borginni.

**Í Borgarstjórn Reykjavíkur vill Kvennalistinn leggja höfuðáherslu á eftirfarandi:**

\*að reynsla og menning kvenna verði höfð að leiðarljósi við stefnumörkun í samfélaginu.

\*að kjör kvenna í borginni verði bætt og störf þeirra endurmetin til launa.

\*að valddreifing í borginni verði aukin og áhrif íbúasamtaka á stjórn borgarinnar og mótun umhverfis verði tryggð.

\*að Reykjavíkurborg tryggi blómlega menningu, atvinnulíf og atvinnuöryggi. Áhrif starfsmanna á stjórn stofnana og fyrirtækja á vegum borgarinnar aukist og vinnutími verði sveigður að þörfum fjölskyldna.

\*að áhersla verði lögð á heildarstefnu heilsuverndar þ.e. andlega, líkamlega og félagslega heilbrigði.

\*að dagvistarþörfinni verði fullnægt.

\*að skólar verði einsetnir, skóladagur barna verði samfelldur og skólamáltíðum komið á í öllum skólum.

\*að þjónusta við aldraða verði stórbætt.

\*að þjónusta við fatlaða verði aukin.

\*að leiguíbúðum á vegum borgarinnar verði fjölgað.

\*að aðstaða til almenningsþróttar verði stóraukin.

\*að lífríki og náttúra borgarinnar verði vernduð og virt.

\*að mannleg verðmæti sitji ávallt í fyrirrúmi við ákvarðanir í borgarmálum.